



Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E11/2021

Til Norðurlandaráðs

SKRIFLEG FYRIRSPURN NORÐURLANDARÁÐS E11/2021

Norðurlandaráð beindi þann 12. apríl 2021 eftirfarandi skriflegu fyrirspurnum til norrænu ríkisstjórnanna:

- *Telja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að sameiginlegt ástandsmat sé mikilvægt þegar samnorræn viðbrögð vegna hættuástands eru höfð í huga?*

- *Eru til áætlanir um samstarf um ástandsmat norrænu landanna, til dæmis í formi sameiginlegra greininga á áhættum og ógnum?*

SVAR:

Hér með er svarað fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda:

Vísað er til fyrra svars norrænu ríkisstjórnanna frá því í júní 2020 við tilmælum Norðurlandaráðs nr. 2/2020 um umfjöllun ríkisstjórnanna um stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi undir yfirskriftinni „Skýrara norrænt skipulag og forysta“:

„Norrænu löndin vinna innlent áhættumat sem tekur til helstu áhættuþátta viðkomandi lands. Það hvaða þátta innlent áhættumat tekur til ákvarðast af stað- og landsbundnum aðstæðum. Gerð samnorræns áhættumats felur í sér ýmis erfið úrlausnarefni sem tengjast framkvæmd og vali á aðferðum auk þess sem ekki er talið að samnorrænt áhættumat komi að meira gagni í bráð en áhættumat landanna hvers fyrir sig þegar það er skoðað í heild.“

(Sænsk þýðing: De nordiska länderna utarbetar nationella riskanalyser som analyserar de största riskerna för det berörda landet. De risker som är relevanta för att inkludera i den nationella riskanalysen beror på lokala och nationella omständigheter. Det finns ett antal praktiska och metodologiska utmaningar med att ta fram en gemensam nordisk riskanalys, precis som en gemensam nordisk riskanalys inte omedelbart anses ge ett mervärde i förhållande till den övergripande nationella riskanalysen.)

*Svar ríkisstjórnanna í júní 2021*

Samtal og skipti á upplýsingum, þar á meðal um ástandsmat í tengslum við hættuástand, er mikilvægur hluti af norrænu samstarfi um viðbúnaðarmál.

Á milli norrænu landanna er rótgróið samstarf og skipti á upplýsingum á sviði viðbúnaðarmála og einnig á milli viðkomandi yfirvalda sem ábyrgð bera á ástandsmati í löndunum.



Vegna heimsfaraldursins hafa norrænu löndin í gegnum viðbúnaðarsamstarf sitt unnið mánaðarlegt innlent ástandsmat í tengslum við COVID-19 frá því um vorið 2020. Skýrslurnar innihalda m.a. upplýsingar um fjölda smitaðra og látinna, innlendar aðgerðir, bólusetningar, „útgöngu“-áætlanir og upplýsingar um opinberar skýrslur um viðbrögð yfirvalda við kórónuveirufaraldrinum. Ástandsskýrslurnar hafa legið til grundvallar umræðum yfirmanna viðbúnaðarmála á Norðurlöndum á mánaðarlegum myndfundum þeirra.

Fyrir nokkrum árum (2014) komu norrænu löndin á fót kerfinu Embættismaður í viðbúnaðarmálum (Tjänsteman i Beredskap (TiB)). Það felur í sér sólarhringsvakt í viðbúnaðarmálum þar sem norrænu löndin geta skipst á upplýsingum hvenær sem er sólarhringsins á krísutímum. Auk þess er til norrænn umræðuvettvangur um áhættumat þar sem markmiðið er að skiptast á upplýsingum um reynslu og starfsvenjur. Til viðbótar þessum fyrirbyggjandi kerfum er samstarf og upplýsingaskipti á milli viðbúnaðaryfirvalda á Norðurlöndum mjög virkt.

Finnland leggur áherslu á afhendingaröryggi og viðbúnaðarmál í formennskuáætlun sinni og verður fjallað um efnið við ýmiss konar tækifæri á norrænum vettvangi á árinu.

Með góðri kveðju,

Maria Ohisalo

innanríkisráðherra